

✉ Re: AT3 reitur - Lýsing á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029

Búið til	29.12.2021 09:50:38
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	29.12.2021 09:50:37
Tilheyrir	📁 202111-0028 - Lýsing á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029. AT3 reitur

Efni

Re: AT3 reitur - Lýsing á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029

Upplýsingar

Sent	29.12.2021 09:50:37	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	gfb@hveragerdi.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202111-0028 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar, dags. 15. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis. Aðalskipulagbreytingin nær til landnotkunarreitsins AT3 – Fagrihvammur og felur í sér að svæðið verði skilgreint sem íbúðarsvæði með heimild fyrir verslun – og þjónustu og athafnastarsfsemi mað áherslu á ferðaþjónustu og ylrækt stað athafnasvæðis eins og í gildandi aðalskipulagi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og gerir ekki athugasemdir við skipulagsbreytinguna. Reiturinn sem um ræðir er innan þéttbýlis Hveragerðisbæjar og að stórum hluta raskaður en mikið er um ræktaðan gróður sem veitir t.d. fuglum búsvæði. Helst þarf að huga að bökkum Varmár sem er á núgildandi náttúru-minjaskrá og tryggja þarf að þeim verði ekki raskað. Vanda þarf til verka við útfærslu á íbúðabyggð næst Varmá þannig að verndargildi árinna sé ekki ógnað.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum skipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst og gleðilegt nýtt ár,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Guðmundur F Baldursson" <gfb@hveragerdi.is>

To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Minjastofnun" <postur@minjastofnun.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "Veðurstofa Íslands" <skrifstofa@vedur.is>; "Rarik ohf" <rarik@rarik.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "Gagnaveita Reykjavíkur" <gagnaveita@gagnaveita.is>; "Míla ehf" <mila@mila.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "Gunnlaugur Jónasson" <gunnlaugur@olfus.is>

CC:

Subject: AT3 reitur - Lýsing á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029

Date: 15.11.2021 09:34:06

Undirritaður sendir hér með lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 til umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhuguð breyting, sem nær til landnotkunarreitsins AT3 – Fagrihvammur, felur í sér að ríkjandi landnotkun á AT3 reitnum (Fagrihvammur) sem nú er skilgreind sem athafnasvæði, verður skilgreind sem íbúðarsvæði ÍB15, með heimild fyrir verslun- og þjónustu og athafnastarfsemi að hluta til þar sem áhersla er lögð á ferðaþjónustu og ylrækt.

Meðfylgjandi er lýsing á skipulagsverkefninu dags. 1. nóvember 2021. Einnig er meðfylgjandi fornleifaskráning frá janúar 2021 sem nær m.a. til Fagrahvammsvæðisins. Frestur til að veita umsögn um lýsinguna er til 31. desember 2021.

Kær kveðja,

Guðmundur F. Baldursson

Skipulagsfulltrúi

Sími: 483 4000; 660 3910

Viðhengi

image001.png (5 KB)